



se2009.eu



Teaming up for the eUnion

5th Ministerial eGovernment
Conference, Malmö 2009

Ráðherryfirlýsing um rafræna stjórnsýslu

samþykkt samhljóða í Malmö, Svíþjóð,
þann 18. nóvember 2009

Við, ráðherrar sem berum ábyrgð á stefnumótun í rafrænni stjórnsýslu í aðildarríkjum Evrópusambandsins (ESB), inngönguríkjum og umsóknarlöndum um aðild að sambandinu og ríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), höfum samþykkt þessa yfirlýsingu samhljóða í Malmö, Svíþjóð, þann 18. nóvember 2009, á fundi sem stjórnað var af Mats Odell, ráðherra, sem er fulltrúi Svía í formennskutið þeirra, og að viðstöddum varaforseta framkvæmdastjórnar ESB, Siim Kallas, í tilefni af ráðstefnu ráðherra upplýsingamála um rafræna stjórnsýslu „Sameinumst um rafrænt Evrópusamband“ (Teaming up for the eUnion) sem haldin meðan á formennsku Svíþjóðar í ESB stendur.

Bakgrunnur

1. Við viðurkennum að Evrópa stendur um þessar mundir frammi fyrir erfiðum verkefnum á sviði efnahags-, félags- og umhverfismála sem taka verður á. Jafnframt því sem stjórnvöld okkar grípa til aðgerða til að takast á við þessi verkefni, aukast væntingar evrópskra borgara og fyrirtækja um að opinber þjónusta verði veitt með opnari, sveigjanlegri og samstarfsfúsari hætti um alla álfuna.
2. Við viðurkennum að rafræn stjórnsýsla er ekki aðeins orðin eðlilegur hluti af stefnumótun stjórnvalda í hverju landi heldur hefur hún einnig teygst sig út fyrir landamæri og er orðin mikilvægur miðill fyrir þverfagleg stefnumarkmið um alla Evrópu, allt frá dómsmálum til almannatrygginga, viðskiptaþjónustu og fleira.
3. Við viðurkennum að veita þurfi bættu almannaðjónustu með minni tilkostnaði og að hægt er að auka möguleika rafrænnar stjórnsýslu með því að skapa skilyrði fyrir aukna samstarfsmenningu og með því að bæta aðstæður fyrir rekstrarsamhæfi stjórnsýslu okkar. Grunnreglurnar um góða stjórnunarhætti ættu að vera stoðir slíkrar menningar.
4. Við viðurkennum að fyrri yfirlýsingar um rafræna stjórnsýslu sem samþykktar hafa verið undir forystu Belgíu, Ítalíu, Bretlands og Portúgals hafa stuðlað að samstarfi og því að aðildarríki deili með sér reynslu og að hlúð sé að framþróun á vettvangi Evrópu.

Sameiginleg sýn og forgangsverkefni á sviði stefnumótunar fram til 2015

5. Við viljum að í framtíðinni verði stjórnvöld í Evrópu virt fyrir að vera opin, sveigjanleg og samstarfsfús í samskiptum sínum við borgara og fyrirtæki. Þessir aðilar noti rafræna stjórnsýslu til að auka hagkvæmni og skilvirkni og til að bæta opinbera þjónustu með þeim hætti að hún taki mið af mismunandi þörfum notenda, hámarki virði fyrir almenning og stuðli þannig að því að evrópskt efnahagslíf verði leiðandi og byggt á þekkingarhagkerfi.

6. Með þessari yfirlýsingu munum við byggja á fyrri árangri og auka samstarf okkar um rafræna stjórnsýslu. Opinber stjórnsýsla okkar ætti að miða í sameiningu að því að lokið verði við eftirfarandi forgangsverkefni árið 2015.

- » Borgarar og fyrirtæki fá aukið sjálfstæði með rafrænni opinberri þjónustu sem miðast við þarfir notenda, er þróuð í samvinnu við þriðju aðila, og veitir aukið aðgengi að opinberum upplýsingum, aukið gagnsæi og opnar virkar leiðir fyrir þátttöku hagsmunaaðila í stefnumótunarferlinu,
- » Hreyfanleiki á innri markaði er aukinn með snurðulausri rafrænni opinberri þjónustu við stofnun og rekstur fyrirtækis og fyrir nám, starf, búsetu og starfslok hvar sem er í Evrópusambandinu.
- » Stuðlað er að hagkvæmni og skilvirkni með því að leitast við að nota rafræna stjórnsýslu til að draga úr stjórnsýslubyrði, bæta ferla innan stofnana og stuðla að sjálfbæru hagkerfi lítillar kolefnislosunar.
- » Framkvæmd forgangsverkefnanna sem stefnt er að er gerð möguleg með viðeigandi lykilkáttum og lagalegum og tæknilegum forsendum.

7. Við, ráðherrar sem berum ábyrgð á stefnu í rafrænni stjórnsýslu í aðildarríkjum Evrópusambandsins, inngönguríkjum, umsóknarlöndum um aðild að sambandinu og EFTA-ríkjum, samþykkjum að leitast við að ná þessum markmiðum og vinna náið með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að því að skilgreina nýjar aðgerðir á grundvelli forgangsverkefna í stefnunni fyrir tímabilið 2011 til 2015. Skyldur okkar samkvæmt landslögum og evrópskum lögum ættu að renna stoðum undir þessar aðgerðir, einkum lög um friðhelgi einkalífs og gagnavernd og stjórnsýslulög. Enn fremur ættu þessar aðgerðir að byggja á og efla núverandi aðgerðaáætlanir á öllum stigum og hafa jafnframt hliðsjón af mikilvægi gagna- og netöryggis þvert á landamæri.

8. Markmiðin sem lýst er í þessari yfirlýsingu eru algerlega hlutlaus gagnvart þeim verkefnum sem ýmis opinber stjórnvöld vinna að á vettvangi Evrópu, innan hvers lands eða landssvæðis. Markmiðin í þessari yfirlýsingu eru sett fram sem leiðir til að auka hagkvæmni og gæði við framkvæmd þeirra verkefna með samstarfi á milli aðildarríkja.

Sameiginleg markmið okkar fram til 2015

Borgarar og fyrirtæki fá aukið sjálfstæði með rafrænni opinberri þjónustu sem miðast við þarfir notenda, er þróuð í samvinnu við þriðju aðila og veitir aukið aðgengi að opinberum upplýsingum, aukið gagnsæi og opnar virkar leiðir til þátttöku hagsmunaaðila í stefnumótunarferli.

Opinber stjórnsýsla í löndum okkar ætti því að:

9. **Bæta rafræna opinbera þjónustu þannig að hún taki mið af þörfum notenda og sé veitt með sem skilvirkustum hætti.** Við munum þróa notendavæna þjónustu sem veitir sveigjanlegar og einstaklingsmiðaðar leiðir til að eiga samskipti við stjórnsýsluna. Við munum þróa fjölrása (e. multi-channel) aðferðir til að veita rafræna opinbera þjónustu á sem skilvirkastan hátt. Við munum þróa þjónustu sem hentar öllum og stuðlar að því að ryðja úr vegi hindrunum sem þeir hópar standa frammi fyrir sem eru útilokaðir af félagslegum ástæðum eða geta ekki nýtt sér rafræna þjónustu. Skilvirk rafræn opinber þjónusta sem byggir á þörfum notenda mun auka traust á stjórnvöldum, auka ánægju notenda ásamt því að auka hagkvæmni.

10. **Bjóða þriðju aðilum til samstarfs um þróun rafrænnar opinberrar þjónustu.** Við munum með virkum hætti leita eftir samstarfi við þriðju aðila, til dæmis fyrirtæki, almenning eða einstaklinga, til að þróa rafræna notandamiðaða stjórnsýsluþjónustu. Samstarf við þriðju aðila mun örva sköpun nýrrar, sveigjanlegrar og einstaklingsmiðaðrar þjónustu, auka skilvirkni þjónustunnar og hámarka virði fyrir almenning.

11. **Auka aðgang að opinberum upplýsingum til endurnota.** Við munum auka aðgang að opinberum upplýsingum til endurnota, í samræmi við anda og skilyrði

tilskipunarinnar um endurnot opinberra upplýsinga, 2003/98/EC. Við munum hvetja til þess að þriðju aðilar endurnoti opinberar upplýsingar til að þróa aukna þjónustu sem hámarkar virðið fyrir almenning. Nýjar upplýsingaafurðir sem byggjast á eftirspurn og verða til við endurnot opinberra upplýsinga munu stuðla að umbreytingu evrópsks efnahagslífs í þekkingarhagkerfi.

12. **Styrkja gagnsæi stjórnsýsluferla.** Við munum kanna hvernig við getum gert stjórnsýsluferla okkar gagnsærri. Gagnsæi hvetur til ábyrgðar og trausts á stjórnvöldum.

13. **Fá hagsmunaaðila til að taka þátt í opinberri stefnumótun.** Við munum með virkum hætti þróa og stuðla að hagkvæmum, gagnlegum og betri leiðum fyrir fyrirtæki og borgara til að taka þátt í stefnumótunarferlunum. Aukin þátttaka með virkari aðferðum á öllum stigum eykur hagkvæmni og skilvirkni stjórnvalda og bætir gæði ákvarðana þeirra og þjónustu.

Hreyfanleiki á innri markaði er aukinn með snurðulausri rafrænni opinberri þjónustu við stofnun og rekstur fyrirtækis og fyrir nám, starf, búsetu og starfslok hvar sem er í Evrópusambandinu.

Opinber stjórnsýsla í löndum okkar ætti því að:

14. **Breyta á jákvæðan hátt og þannig að eftir verði tekið því hve auðvelt er að koma á fót og reka fyrirtæki á innri markaðinum.** Við munum gera mögulega og styðja við snurðulausa rafræna opinbera þjónustu þvert á landamæri, þar sem áherslan verður á hvernig hægt er að stofna fyrirtæki og veita og útvega þjónustu og vörur. Til að það takist munum við auka áreiðanleika, öryggi og samvirkni rafrænnar stjórnsýslu og kerfa á innri markaðinum til að gera kleift og styðja við snurðulausa þjónustu þvert á landamæri. Til að samkeppnishæfni ESB aukist verður innri markaðurinn að virka vel.

15. **Breyta á jákvæðan hátt og þannig að eftir verði tekið því hversu auðvelt er fyrir borgara að stunda nám og vinnu, dvelja í og ljúka störfum í sérhverju aðildarríki.** Við munum gera mögulega og styðja við þróun snurðulausrar rafrænnar opinberrar þjónustu með því að beina aðgerðum okkar að þessum stigum ævinnar. Með því að veita rafræna opinbera þjónustu þvert á landamæri og gera mögulegt hagkvæmt rafrænt samstarf á milli aðildarríkja ættu borgararnir að eiga auðveldara með að komast um og geta gert það með minni tilkostnaði.

16. **Þróa rafræna opinbera þjónustu þvert á landamæri sem byggir á raunverulegum félagslegum og efnahagslegum þörfum.** Við munum stofna til sameiginlegra verkefna um rafræna opinbera þjónustu þvert á landamæri sem byggja á raunverulegri þörf. Verkefni tiltekinnu atvinnugreina myndu njóta góðs af samlegðaráhrifum frá öðrum atvinnugreinum og endurnotum innviða sem fyrir eru, frekar en að þróaðar séu sérstakar lausnir fyrir hverja atvinnugrein.

Stuðlað er að hagkvæmni og skilvirkni með því að leitast við að nota rafræna stjórnsýslu til að draga úr stjórnsýslubyrði, bæta ferla innan stofnana og stuðla að sjálfbæru hagkerfi með litla kolefnislosun.

Opinber stjórnsýsla í löndum okkar ætti því að:

17. **Draga úr stjórnsýslubyrði borgara og fyrirtækja.** Við munum nota rafræna stjórnsýslu til að draga úr stjórnsýslubyrði, að hluta með því að endurskipuleggja stjórnsýsluferla til að þeir verði skilvirkari. Við munum deila með okkur reynslu og skoða í sameiningu hvernig opinber stjórnsýsla getur dregið úr tíðni þess að borgarar og fyrirtæki þurfi að láta viðeigandi yfirvöldum endurtekið í té sömu upplýsingarnar. Við munum leggja áherslu á virðingu fyrir friðhelgi einkalífs og gagnavernd með tilliti til notkunar persónulegra upplýsinga þar sem það er þýðingarmikið við eflingu öryggis og trausts. Traust og öryggi eru óaðskiljanlegir hlutir þess að borgarar og fyrirtæki tileinki sér þjónustu sem byggir á rafrænni miðlun upplýsinga.

18. **Skóða hvernig megi bæta ferla innan stofnana.** Við munum greina með reglulegum hætti hvernig hægt er að þróa ferla innan stofnana þar sem notuð er upplýsinga- og fjarskiptatækni til að auka hagkvæmni og skilvirkni. Við munum efla nýsköpun og nauðsynlega hæfni opinberra starfsmanna til að auka getu opinberar stjórnýslu. Við munum einnig deila með okkur reynslu, góðum starfsháttum og rannsóknum um hvernig ná megi þessum markmiðum. Rafræn stjórnýsla er mikilvægt verkfæri til að greiða fyrir umbótum innan stofnana.

19. **Draga úr kolefnislosun.** Við munum nýta upplýsinga- og fjarskiptatækni til að styðja við aðgerðir okkar til að draga með mælanlegum hætti úr kolefnislosun og leggja okkar af mörkum við að ná víðtækari markmiðum um minnkun kolefnislosunar. Við munum vinna saman að því að skapa sameiginlegan skilning á markmiðum okkar og mælingum til að draga úr orkunotkun. Upplýsinga- og fjarskiptatækni gegnir lykilhlutverki í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og stuðlar að sjálfbærri hagkerfi með lítilli kolefnislosun.

Framkvæmd forgangsmála stefnunnar er gerð möguleg með lykilþáttum og lagalegum og tæknilegum skilyrðum

Opinber stjórnýsla í löndum okkar ætti því að:

20. **Koma á viðeigandi skilyrðum og lykilþáttum til að tryggja betri samvinnu á sviði stjórnýslunnar.** Við munum efna til rannsókna til að finna og greina lagalegar, skipulagslegar, merkingarlegar og tæknilegar hindranir sem hindra þróun rafrænnar opinberrar þjónustu og íhuga niðurstöður þeirra. Upplýsingaskipti og samstarf í stjórnýslu í Evrópusambandinu gerir stjórnýslueiningum okkar kleift að tengjast með vitrænum hætti hverri við aðra, við fyrirtæki, borgara og stofnanir til að ná sameiginlegum markmiðum og auðvelda innleiðingu evrópskra laga.

21. **Veita sérstaka athygli þeim ávinningi sem fæst með notkun opinna staðla til að veita þjónustu með hagkvæmasta hætti.** Við munum tryggja að lögð verði áhersla á opna staðla í innlendri þjórðarumgjörð fyrir samvirkni kerfa okkar til að draga úr hindrunum að markaðinum. Við munum vinna að því að samstillta innlenda þjórðarumgjörð við þá umgjörð sem gildir í Evrópu. Hvetja mætti til notkunar opinna hugbúnaðarlausna fyrir rafræn stjórnýsluverkefni. Mikilvægt er að skapa möguleika til samkeppni á jafnréttisgrundvelli til að tryggja að fjármagni sé varið á sem skilvirkastan hátt.

22. **Líta á nýsköpun sem hluta af því hvernig við störfum.** Við munum hvetja til nýsköpunar í rafrænni opinberri þjórðustu með rannsóknum og þróun, tilrauna- verkefnum og öðrum leiðum til framþróunar. Við munum rannsaka og þróa möguleika sem bjóðast í nýrri opinni og sveigjanlegri þjórðustuhögun og nýjum tæknilegum aðferðum. Nýsköpun er lykilhluti af rafrænni stjórnýslu og leið til að ná því markmiði að gera Evrópu að leiðandi þekkingarhagkerfi.

Sameiginleg stjórnun okkar og framfylgd forgangsstefnumálanna

23. **Við lítum á þessa yfirlýsingu sem sameiginlegt forgangsstefnumál okkar fram til 2015.** Við skuldbindum okkur til að grípa til allra viðeigandi aðgerða til að ná þessum markmiðum og við munum tryggja að áætlanir okkar og stefnur á landsvísu muni endurspeglja forgangsmálin sem gerð er grein fyrir í þessari yfirlýsingu. Við munum leggja yfirlýsinguna fyrir ráðherraráðið og hvetjum framkvæmdastjórn ESB til að láta þessi forgangsmál fylgja með í aðgerðaáætluninni um rafræna stjórnýslu.

24. **Við hvetjum framkvæmdastjórnina til að tryggja fullan stuðning aðildarríkjanna með samstarfi og samræmingu við þróun aðgerðaráætlunarinnar fyrir 2011 til 2015,** sem er nánar tiltekið byggð á markmiðum þessarar yfirlýsingar. Umfangsmikið mat, byggt á viðurkenndri aðferðafræði sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin móta í sameiningu, ætti að fara fram um miðbik tímabilsins, árið 2013, til að meta árangurinn og þá erfiðleika sem kunna að hafa komið upp við framfylgd aðgerðaráætlunarinnar.

25. **Við hvetjum framkvæmdastjórnina til að skipuleggja sameiginlega stjórnun framkvæmdaáætlunarinnar sem væntanleg er.** Aðildarríkin ættu að fylgja framkvæmdaáætluninni eftir með aðild að stýrihópi sem framkvæmdastjórnin veitir forstöðu. Í hópnum ættu að vera fulltrúar sem bera ábyrgð á innlendum áætlunum um rafræna stjórnsýslu. Hópurinn ætti að hittast reglulega og leggja til nauðsynlegar breytingar á forgangi, markmiðum og aðgerðum.

26. **Enn fremur hvetjum við framkvæmdastjórnina til að grípa til viðeigandi úrræða til stuðnings markmiðum þessarar yfirlýsingar:**

- a. **Nýta sem best tilföng og verkfæri sem tiltæk eru** til að hámarka áhrif yfirlýsingarinnar og aðgerðaáætlunarinnar. Með því er átt við athuganir, kannanir, rannsóknir og þróun, tilraunaverkefni og aðrar tiltækar framkvæmdaáætlanir þar sem notuð er opin aðferðafræði sem felst í samhæfingu og könnun á þörf fyrir viðeigandi reglur og reglugerðir. Mæla ætti á hverju ári framþróun rafrænnar stjórnsýslu innan ESB, upptöku hennar og áhrif, með því að beita ólíkum verkfærum og aðferðum í samvinnu við aðildarríkin.
- b. **Samhæfa núverandi áætlanir og framtíðaráætlanir á sviði rafrænnar stjórnsýslu í Evrópu** þannig að þær séu í samræmi við tilvonandi aðgerðaáætlun til þess að auðvelda að þeim sé deilt með öðrum og komið sé í veg fyrir óþarfa tvíverknað. Þar á meðal eru verkefni í upplýsinga- og fjarskipatæknistefnunni (ICT Policy Support Programme) innan rammaáætlunar ESB um samkeppni og nýsköpun (Competitiveness and Innovation Framework Programme), þróunaráætlun ESB um skilvirk og árangursrík rafræn samskipti á milli opinberra aðila (Programme for Interoperability Solutions for European Public Administrations), rammaáætlun um rannsóknir (Framework Programmes for Research) og aðrar áætlanir og starfsemi framkvæmdastjórnarinnar sem máli skipta. Styðja ætti við miðlun og upptöku niðurstaðna stórra verkefna (e. Large Scale Pilot projects) í aðildarríkjunum og leita ætti leiða til að tryggja sjálfbærni tilraunaverkefna og tilheyrandi aðgerða og aðgerðaáætlana. Samræming aðgerða ætti að taka tillit til sérstöðu ólíkra aðildarríkja.
- c. **Rannsaka þörfina nú og í framtíðinni fyrir rafræna opinbera þjónustu á milli landa** við stofnun og rekstur fyrirtækis á innri markaðnum og fyrir nám, starf, búsetu og starfslok hvar sem er í Evrópusambandinu. Þessar rannsóknir munu skapa grundvöll fyrir því að hrinda af stað sameiginlegum verkefnum til að styrkja innri markaðinn.
- d. **Greina gloppur í rekstarsamhæfi á milli landa og gagnkvæmri viðurkenningu** og auka vinnu við lykilþætti eins og áreiðanleg rafræn skilríki, rafrænar undirskriftir og rafræn skjöl og halda áfram þróun sameiginlegra innviða, til dæmis upplýsingakerfis innri markaðarins sem allar stjórnsýslur aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnin geta notað til að veita þjónustu á milli landa. Þróunaráætlunin um skilvirk og árangursrík rafræn samskipti á milli opinberra aðila og önnur starfsemi um rekstarsamhæfi í Evrópu ættu að gegna mikilvægu hlutverki til að ná þessu markmiði. Nota ætti þá innviði sem þegar eru tiltækir til uppbyggingar frekari þjónustu og þróun nýrra innviða ætti að vera á grundvelli raunverulegra þarfa sem almennt samkomulag er um.
- e. **Halda áfram að styðja við viðleitni aðildarríkjanna** til að gera stjórnvöld opnari, sveigjanlegri og samstarfsfúsari með því að beisla enn frekar möguleika sem felast í upplýsinga- og fjarskiptatækni og rafrænni stjórnsýslu innan framkvæmdastjórnarinnar með því að beita viðeigandi stefnumótun og aðgerðaáætlunum.
- f. **Halda áfram að stuðla að miðlun reynslu og góðra starfshátta** á milli opinberra stjórnsýslukerfa og til einkageirans og samfélagsins alls. Hvetja ætti opinbera starfsmenn til að deila reynslu sinni með samstarfsfólki, fyrirtækjum og borgurum. Stuðla ætti að menningu sem miðar að samstarfi og skiptum á upplýsingum til að virkja samfélag sérfræðinga rafrænnar stjórnsýslu sem starfa hjá opinberum stofnunum okkar.

27. Loks gerum við ráð fyrir náinni samvinnu á milli aðildarríkjanna, þriðju landa, alþjóðastofnana og framkvæmdastjórnar ESB um aðgerðaáætlunina eftir i2010. Við

hvetjum þau lönd ESB sem munu gegna formennsku í framtíðinni til að takast á við viðeigandi aðgerðaáætlanir og styðja áfram með virkum hætti við ráðherranefndina við þróun aðgerðaáætlunarinnar eftir i2010. Með því að framfylgja þessari yfirlýsingu og með því að sameinast um rafrænt Evrópusamband, er Evrópu skapað tækifæri til að vera leiðandi í heiminum á sviði rafrænnar stjórnsýslu.